

Alþingi
Austurstræti 8-10
101 REYKJAVÍK
b.t. Hildur Eva Sigurðardóttir

Reykjavík, 15.11.2012
Tilvísun vor: 62 BUD-01

Alþingi
Erindi nr. Þ 141/537
komudagur 15.11.2012

Efni: Svar við fyrirspurn umhverfis- og samgöngunefndar um 89. mál – tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða

Borist hefur eftirfarandi fyrirspurn frá nefndasviði Alþingis:

Fyrirspurn: umhverfis- og samgöngunefnd fjallar nú um 89. mál – tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.

Í tengslum við þá umfjöllun óskar nefndin eftir upplýsingum um þær virkjanaframkvæmdir sem nú eru í gangi.

Beiðnin varðar Búðarhálsvirkjun, Hellisheiðarvirkjun, virkjanir á Reykjanestá og Sauðárveitu og er óskað eftir upplýsingum um framkvæmdirnar:


- á hvaða stigi eru framkvæmdir,
- hvers lags framkvæmdir er um að ræða (ný virkjun, stækkun),
- hvenær þær hófust og áætluð lok þeirra,
- hvaða áhrif hafa þær á orkuvinnslu, þ.e. hversu stórar eru þær (eða í tilfalli Sauðárveitu, hvaða áhrif hefur veitan til aukningar á getu Kárahnjúkavirkjunar),
- hversu mörg störf hafa skapast af framkvæmdunum,
- hvaða fjármagni hefur verið veitt í framkvæmdirnar.

Er ekki rétt að þetta séu einu framkvæmdirnar sem nú standa yfir? Ef svo er ekki þá vinsamlegast tiltakið aðrar og gefið samsvarandi upplýsingar um þær.

Framkvæmdir eru í gangi við Búðarhálsvirkjun og við Sauðárveitu Kárahnjúkavirkjunar. Samhliða framkvæmdum við Sauðárveitu var unnið að viðgerðum á Ufsarstíflu Kárahnjúkavirkjunar.

BÚÐARHÁL SVIRKJUN 95MW

- Stig framkvæmdar: Um 47% kostnaðar á eftir að falla á verkið.
- Hvers lags framkvæmdir: Ný vatnsaflsvirkjun. Stíflur, vatnsvegir, stöðvarhús.
- Upphaf og áætluð lok þeirra: Verkbyrjun haustið 2010. Áætluð verklok árslok 2013.
- Áhrif á orkuvinnslu: Áætluð orkugeta 585 GWst/ári.
- Hversu mörg störf hafa skapast af framkvæmdunum: 600-700 ársverk yfir allan framkvæmdatímann, um 200 ársverk á hverju ári.
- Hvaða fjármagni hefur verið veitt í framkvæmdirnar: Alls hefur verið varið 12.190 m.kr. til verksins á árunum 2010-2012. Þar af 670 m.kr. á árinu 2010, 5.960 m.kr. á árinu 2011, og 5.560 m.kr. það sem af er ári 2012.



SAUÐÁRVEITA KÁRAHNJÚKAVIRKJUNAR

- Stig framkvæmdar: Um 20% verksins eru eftir sem er lúkning mannvirkja við Sauðárvatn.
- Hvers lags framkvæmdir: Gerð lítilla stífla og yfirfalls og gröftur tveggja veituskurða.
- Upphaf og áætluð lok þeirra: Verkbyrjun 20. júní 2012. Áætluð verklok eru 15. ágúst 2013.
- Áhrif á orkuvinnslu: Aukning orkugetu Kárahnjúkavirkjunar er áætluð 40 GWst/ári.
- Hversu mörg störf hafa skapast af framkvæmdunum: 20 störf.
- Hvaða fjármagni hefur verið veitt í framkvæmdirnar: Á þessu ári var varið 210 m.kr. til verksins (verktaki og tæknileg umsjón).

UFSARSTÍFLA KÁRAHNJÚKAVIRKJUNAR. ENDURRÖÐUN GRJÓTS.

- Stig framkvæmdar: Framkvæmdum er lokið.
- Hvers lags framkvæmdir: Endurröðun grjótvannar Ufsarstíflu.
- Upphaf og áætluð lok þeirra: Verkbyrjun 14. júní 2012, Verklok 3 október 2012.
- Áhrif á orkuvinnslu: Engin.
- Hversu mörg störf hafa skapast af framkvæmdunum: 9 störf.
- Hvaða fjármagni hefur verið veitt í framkvæmdirnar: Alls var varið 116 m.kr. til verksins.

Virðingarfyllt

Hörður Arnarson
forstjóri